

**Vegna:** Máls nr. 0046/2024, Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun (Tilkynning um framkvæmd)

**Athugasemd:**

**Mál nr. 17; Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun; Umsagnarbeiðni – 2401057.**

Lögð er fram beiðni um umsögn vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar sem tekur til borunar vinnsluholu NJ-34 við Nesjavallavirkjun.

Sveitarstjórn telur umrædda framkvæmd vera í samræmi við heimildir og stefnumörkun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps þar sem umrætt svæði er skilgreint sem iðnaðarsvæði II. Að mati sveitarstjórnar er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Höfundur:** Iða Marsibil Jónsdóttir/sveitarstjóri@gogg.is

**Sent inn þann:** 19.02.2024 , **Fyrir hönd:** Grímsnes- og Grafningshreppur



**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 16. febrúar 2024  
2401060HS SHJ

**Efni: Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun, nr. 0046/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd**

Þann 18. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar borunnar nýrrar vinnsluholu, NJ-34, við Nesjavallavirkjun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða borun nýrrar allt að 2.500 m djúprar stefnuboraðrar uppbotarholu sem verður fóðruð niður á um 800 m dýpi. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu borplans, borun jarðhitaholu, lagningu tímabundinna skolvatnslagna að og frá bortæki, blástursmælingum, förgun affallsvökva og tengingu við gufuveitu Nesjavallavirkjunar. Fyrirhugað er að nýta hluta eldra borplans fyrir holu NG-8, sem aldrei hefur verið nýtt, auk þess sem vegur liggur nú þegar að borplaninu. Nýju raski á yfirborði verður því haldið í lágmarki auk þess sem öll vinnutilhögun á borplani og frágangur að borun lokinni miðar að því að lágmarka hættu á mengun og takmarka jarðrask. Markmið framkvæmdarinnar er að viðhalda vinnslugetu virkjunarinnar. Nesjavirkjun og tilheyrandi vinnslusvæði er innan vatnasviðs Þingvallavatns sem verndað er með lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Jafnframt eru önnur verndarsvæði í nágrenni eða innan iðnaðarsvæðis Nesjavallavirkjunar en borun holu NJ-34 er ekki talin hafa áhrif á þau. Þá er holan staðsett innan grannsvæðis vatnsverndar VG9 en vatnsbólið er einungis notað sem slökkvivatn á brunahana virkjunarinnar. Í gildi er deiliskipulag fyrir orkuvinnslusvæðið og er fyrirhuguð vinnsluhola í samræmi við það. Ekki er til staðar nýtingarleyfi Orkustofnunar, en virkjunin er með gilt virkjunarleyfi útgefið af iðnaðarráðuneytinu árið 2004.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.



Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Embættið bendir hins vegar á að í nágrenni framkvæmdarinnar er hótél og afþreyingarstarfsemi og beinir því til framkvæmdaraðila að lágmarka svo sem framast er unnt hávaða frá framkvæmdinni sem getur borist til og valdið gestum á svæðinu ónæði og óþægindum. Jafnframt skal framkvæmdaraðili setja í viðbragðsáætlanir vegna mögulega aukinnar brennisteinsvetnismengunar í tengslum við jarðborunina að senda viðvörðun á nærliggjandi hótél og afþreyingarstarfsemi, séu líkur á að mengunin geti haft neikvæð áhrif á gesti og starfsmenn þeirra.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, s.s. jarðborun, efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Jafnframt eru virkjanir og orkuveitur frá 1MW starfsleyfisskyldar hjá embættinu skv. ofangreindum lögum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2024  
MÍ202402-0101/ 6.07 / K.M.

## Efni: Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um fyrirspurn um  
matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Orka Náttúrunnar áformar borun uppbótar vinnsluholu, holu NJ-34, í þeim  
tilgangi að viðhalda vinnslugetu Nesjavallavirkjunar. Borhola NJ-34 verður  
innan iðnaðarsvæðis, I1 Nesjavallavirkjun, samkvæmt Aðalskipulagi Grímsnes-  
og Grafningshrepss 2020-2032.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í skýrslu Orku Náttúrunnar segir að borun nýrrar uppbótarholu, holu NJ-34,  
feli í sér uppbyggingu borplans, borun jarðhitaholu, lagningu tímabundinna  
skolvatnslagna að og frá bortæki, blástursmælingum borholu í rekstri, förgun  
affallsvökva og tengingu við gufuveitu virkjunarinnar. Ekki sé þörf á  
aðkomuvegi þar sem slíkir innviðir eru þegar til staðar auk þess sem  
safnæðastofn liggja þegar að svæðinu, sem hægt sé að tengja nýja borholu við.  
Leggja þarf rafstreng og borvatnslögn að borplani. Lagnirnar verða á yfirborði  
og fjarlægðar að lokinni borun. Fyllingarefni í borplan þarf að flytja á svæðið. Í  
skýrslu Orku Náttúrunnar segir að efnið verði sótt í opnar námur í nágrenni  
framkvæmdarsvæðisins, sem séu með starfsleyfi og hafi undirgengist mat á  
umhverfisáhrifum.

Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar í kafla 5.5 í skýrslu Orku  
Náttúrunnar. Þar segir að nú standi yfir endurskoðun deiliskipulags  
Nesjavallavirkjunar. Í tengslum við þá vinnu var gert samkomulag milli  
fyrirtækisins og Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á  
deiliskipulagssvæðinu. Í fyrsta lagi yrði farið á vettvang og allar þekktar  
fornleifar á svæðinu skráðar og mældar upp en einnig gengið á afmörkuðu  
svæði. Í öðru lagi verður farið aftur á vettvang þegar vorar og  
deiliskipulagssvæðið allt gengið kerfisbundið í leit að fornleifum.  
Fornleifastofnun Íslands ses sér um skráningu fornleifa á svæðinu.  
Fornleifastofnun hefur lokið fyrri vettvangsferð sinni á svæðinu. Eftir að  
vettvangsathugun lauk óskaði Orka Náttúrunnar eftir upplýsingum frá  
Fornleifastofnun um stöðu þekkingar á fyrirhuguðu borsvæði fyrir NJ-34.

Í viðauka A með skýrslu Orku Náttúrunnar er greinargerð Fornleifastofnunar  
frá 20. des. 2023, *Skráning fornleifa á Nesjavöllum. Greinargerð eftir fyrstu  
vettvangsferð*. Þar er gerð grein fyrir uppmælingum á þekktum fornleifum á

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

svæðinu og úttekt á afmörkuðu svæði þar sem talið var líklegast að framkvæmdir yrðu á næstunni.


Eins og fram kemur í skýrslu Orku Náttúrunnar er fjallað um fyrirhugað borsvæði fyrir NJ-34 í greinargerð Fornleifastofnunar. Þar segir: *Engar þekktar minjar eru innan umrædds svæðisins og ekki sjást skýr merki á loftmyndum sem benda til fornleifa. Engar vísbendingar eru því um fornleifar á svæðinu en það var ekki gengið á vettvangi líkt og svæði A og því ekkert hægt að fullyrða um mögulegar minjar innan þess fyrr en vettvangsrannsókn hefur farið fram. Ólíklegt verður þó að teljast að innan svæðis reynist margar fornleifar.*

Í skýrslu Orku Náttúrunnar kemur fram að nýtt borplan verði að mestu á svæði sem þegar hafi verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Þegar liggi allir innviðir, s.s. aðkomuvegur og stofnlagnir, að borsvæðinu. Því sé líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á fornleifar.

Bora á holu NJ-34 næsta sumar. Í vor hefst skráning fornleifa á skipulagssvæði Nesjavallavirkjunar á vettvangi. Minjastofnun telur að setja þurfi í forgang að skoða framkvæmdasvæði borholu NJ-34 þannig að ef svo ólíklega vill til að fornleifar séu í hættu vegna borunarinnar þá komi það í ljós strax í vor. Tilkynna þarf Minjastofnun um niðurstöður skráningar á svæðinu. Stofnunin mun þá ákveða hvort þörf er á að grípa til mótvægisáðgerða og hverjar þær skuli vera.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson ([sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0072  
LA

## Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn vinnsluholu NJ-34 við Nesjavallavirkjun

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 18. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn Orku Náttúrunnar vegna áforma um borun á vinnsluholu (NJ-34), í þeim tilgangi að viðhalda vinnslugetu Nesjavallavirkjunar.

Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu borplans sem að hluta er staðsetti á gömlu borplani, borun jarðhitaholu, lagningu tímabundinna skolvatnslagna að og frá bortæki, blástursmælingum borholu í rekstri, förgun affallsvökva og tengingu við gufuveitu virkjunarinnar. Innviðir svo sem aðkomuvegur og safnæðastofn eru þegar til staðar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir og líklegum umhverfisáhrifum vegna þeirra. Svæðið sem um ræðir er að mestu leiti nú þegar raskað. Stofnunin telur að sýna þurfi aðgát varðandi ástand grunnvatns og þá sérstaklega varðandi förgun affallsvökva, en fram kemur í matsskyldufyrirspurn að umfangsmikið eftirlit sé með grunnvatnsforða á svæðinu. Þá er í gangi vöktunarverkefni á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns sem hefur verið í umsjón Umhverfisstofnunar frá 2007. Fyrirhuguð borhola NJ-34 er innan grannsvæðis vatnsverndar, en vatnsbólið er eingöngu notað fyrir brunavarnir virkjunarinnar og við borun samkvæmt greinargerð.

Náttúrufræðistofnun telur að borun vinnsluholu NJ-34 muni hafa lítil umhverfisáhrif miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um svæðið og telur framkvæmdina ekki matsskylda.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. febrúar 2024  
Tilvísun: OS2024010133  
Skjalnúmer: 408627

## Efni: Umsögn Orkustofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna borunar vinnsluholu NJ-34 við Nesjavallavirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst Orkustofnun þann 18. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn Orkustofnunar um tilkynningu Orku náttúrunnar til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna borunar á vinnsluholu NJ-34 við Nesjavallavirkjun. Skv. erindi Skipulagsstofnunar skal koma fram í umsögn eftir því sem við á hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Orkustofnun hefur kynnt sér erindi Skipulagsstofnunar og greinargerð Orku náttúrunnar um tilkynninguna. Skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Nýting á Nesjavöllum hófst fyrir gildistöku ofangreindra laga og var ekki gerð krafa í lögnum um að sótt yrði um nýtingarleyfi fyrir nýtingu sem var þegar hafin. Orkustofnun hefur því litið svo á að nýtingaraðilar hafi ígildi nýtingarleyfis fyrir þá nýtingu sem var hafin þegar löggin tóku gildi. Ljóst er að nýting á Nesjavöllum hefur aukist síðan þá, enda var virkjunin stækkuð eftir þann tíma, og Orka náttúrunnar sótti um nýtingarleyfi fyrir nokkru síðan en það leyfi var ekki gefið út. Orkustofnun hefur hvatt Orku náttúrunnar til að sækja um að nýju en hefur ekki borist ný umsókn þegar þessi umsögn er rituð. Í ljósi þessa er eftirlit Orkustofnunar með nýtingu á Nesjavöllum takmarkaðra en æskilegt er skv. lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, og nýtingunni hefur ekki verið settar skorður og skilyrði eins og ætlast er til að gert sé með nýtingarleyfi.



Skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Virkjunarleyfi Nesjavallavirkjunar, dags. 16. febrúar 2004 var gefið út af iðnaðarráðuneytinu þegar virkjunin var stækkuð í 120 MW, áður en leyfisveitingarvaldið færðist til Orkustofnunar. Í því leyfi er einnig hvatt til þess að sótt verði um nýtingarleyfi á jarðhita og grunnvatni í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem þá höfðu tekið gildi.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tilkynningu Orku náttúrunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Orkustofnunar

María Guðmundsdóttir  
Verkefnastjóri  
Sjálfbær auðlindanýting  
*Rafræn undirskrift*



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2024  
UST202401-207/S.A.J.  
10.05.00

## Efni: Ósk um umsögn - Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdarlýsing

Orka Náttúrunnar áformar borun uppbótar vinnsluholu, holu NJ-34, í þeim tilgangi að viðhalda vinnslugetu Nesjavallavirkjunar. Borhola NJ-34 verður innan iðnaðarsvæðis, I1 Nesjavallavirkjun, samkvæmt Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins.

Nesjavallavirkjun er staðsett norðan við Hengil og sunnan við Þingvallavatn. Nesjavellir eru hluti af Hengilsháhitavæðinu sem liggur á flekamótum og er virkt eftir því.

Virkjunarsvæðið er innan eða nálægt svæðum sem bundin eru ýmsum verndarákvæðum og þykja mikilvæg vegna náttúrufars. Virkjunin er innan vatnasviðs Þingvallavatns, sem er verndað með lögum nr. 85/2005, og nálægt svæðum á C - hluta náttúruminjaskrár. Þá eru þrjú hverfisvernduð svæði upp við iðnaðarsvæðið samkvæmt aðalskipulagi auk vatnsverndar.

Í matskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og líklegum umhverfisáhrifum vegna þeirra. Umhverfisþættir sem teknir eru fyrir eru jarðhitageymir, lífríki, hljóðvist, loftgæði og loftslag, útivist og ferðaþjónusta, jarðmyndanir, fornleifar, landslag og ásýnd, skjálftavirkni, vatnshlot og vatnsverndarsvæði.

### Vatnamál

Í kafla 5.8 er fjallað um þau vatnshlot sem framkvæmdin kann að hafa áhrif á, umhverfismarkmið þeirra, ástand og lagt mat á áhrif framkvæmdanna á vatnshlotin. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og vatnavefsjá vatnamála).

Eins og tilgreint er í matskyldufyrirspurninni er óvissa hvort Þingvallavatn nái umhverfismarkmiðum sínum og er unnið að frekari vöktun m.a. til að varpa ljósi á vistfræðilegt ástand vatnsins. Einnig er fjallað um mótvægisáðgerðir sem gripið hefur verið til til að draga úr hita og efnamengun vegna Nesjavallavirkjunnar. Mikilvægt er að vinna markvisst áfram að þeim mótvægisáðgerðum og að vakta áhrif starfseminnar á

vatnshlotin sem hún kann að hafa áhrif á. Einnig skal huga vel að eftirliti með losun skolvatnsins í fráveitu og að virkni sandskilja og pyttis fyrir skiljuvatnið sé sem skyldi.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun álitur að vel sé fjallað um framkvæmdina í matskyldufyrirspurn og framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa það umfangsmikil áhrif á umhverfi að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Halla Einarsdóttir

**teymisstjóri**